



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

7. maí 2018 – Pistill nr. 33

Sælir og blessaðir kærur Mývetningar um land allt. Mývetningar fá að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum þann 26. maí n.k. Því tvö framboð bárust og hafa verið samþykkt, þ.e. frá H-lista sem hefur verið í sveitarstjórn á þessu kjörtímabili og svo N-lista sem er nýr listi. Þetta er auðvitað fagnaðarefni að íbúar fái að ganga að kjörborðinu. Í þeim mikla uppgangi sem verið hefur í Mývatnssveit undanfarin ár sem endurspeglast m.a. í mikilli fólksfjölgun, fylgir kraftur og aukin umræða og áhugi um málefni sveitarfélagsins. Fram undan eru skemmtilegir tímar í Mývatnssveit.

Sveitarfélagið selur hlut sinn í Jarðböðunum

Á vordögum 2015 barst óformleg fyrirspurn til sveitarstjórnar um vilja til sölu á 5,86% hlut Skútustaðahrepps í Jarðböðunum, fyrir um 50-70 m.kr. Því var hafnað af hálfu sveitarstjórnar.

Hins vegar hreyfði erindið við málinu á vettvangi sveitarstjórnar enda er eignarhald á hlut í slíku félagi og rekstur slíks fyrirtækis ekki hluti af kjarnastarfsemi sveitarfélagsins. Þar að auki lá fyrir að ýmis brýn uppbyggingarverkefni biðu sveitarfélagsins á næstu misserum. Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 14.12 2016 var eftirfarandi bókað:

„Jarðböðin hf: Sala á hlutabréfum
Lögð fram tillaga um sölu hlutafjár
Skútustaðahrepps í Jarðböðunum hf. ef viðunandi verð fæst. Tillagan samþykkt



samhljóða. Sveitarstjóra og oddvita falið framgang málsins í samræmi við umræður á fundinum."

Leiðarljósið í söluferli sveitarstjórnar var að hafa ferlið opið og gegnsætt í þeim tilgangi að hámarka hlut sveitarfélagsins og þar með íbúa Skútustaðahrepps í Jarðböðunum hf.

Í kjölfarið var farið fram á það við stjórn Jarðbaðanna hf. að gert yrði verðmat á félaginu sem stjórnin samþykkti. KPMG var ráðið til verksins. Niðurstaða verðmatsins lá fyrir í apríl 2017 og var eignarhlutur Skútustaðahrepps metinn á 168,3 m.kr.

Í framhaldinu ákvað sveitarstjórn að láta gera sitt eigið verðmat á félaginu og fá til þess óháðan aðila. Eftir verðkönnun var samið við Íslandsbanka um verðmatið. Það lá fyrir í maí 2017 og var eignarhlutur Skútustaðahrepps metinn á 206,5 m.kr., eða 22,7% hærri en verðmat stjórnar félagsins, en einnig var kynnt

næmnigreining sem sýndi breytilegar sviðsmyndir eftir forsendum. Virði félagsins var metið með hefðbundinni sjóðstreymisaðferð og byggðist á upplýsingum um núverandi rekstur félagsins ásamt framtíðarhorfum, þá sér í lagi með tilliti til stækkunaráforma.

Í framhaldi af því að þessi tvö verðmöt lágu fyrir, var á fundi sveitarstjórnar 11. október 2017 samþykkt að auglýsa hlut sveitarfélagsins í Jarðböðunum hf. opinberlega til sölu. Það var gert með það að markmiði að greina raunverulegt markaðsvirði hlutarins og hámarka hlut sveitarfélagsins og þar með íbúa Skútustaðahrepps í félaginu. Samið var við Íslandsbanka um sölufarlið.

Þann 10. janúar síðastliðinn var hlutur sveitarfélagsins og fleiri hluthafa auglýstur til sölu í Markaðinum (fylgiriti Fréttablaðsins) og á heimasíðum sveitarfélagsins og Íslandsbanka. Var áhugasömum aðilum gefinn kostur á að óska eftir upplýsingum til og með 31. janúar. Eftir viðtöku fjárfestakynningar var áhugasömum aðilum gefinn frestur til að skila inn skuldbindandi tilboðum fyrir klukkan 16:00 þann 14. febrúar.

Tvö tilboð bárust í allan hlut sveitarfélagsins og tvö tilboð í minni hlut. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 15. febrúar 2018 að taka hæsta tilboðinu fyrir 5,86% hlut sveitarfélagsins, sem var upp á 263,7 m.kr. Tilboðið kom frá aðila sem ekki var hluthafi í félaginu og reyndist það 27% hærra en verðmatið sem sveitarfélagið hafði látið gera og 56,7% hærra en verðmatið sem stjórn Jarðbaðanna lét vinna. Samkvæmt 7. gr. samþykktu Jarðbaðanna hf. hefur stjórn félagsins forkaupsrétt fyrir hönd félagsins að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hefur hluthafi forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Stjórnin féll frá forkaupsrétti en þrír hluthafar, Tækifæri hf., Íslenskar

heilsulindir ehf. og Landsvirkjun nýttu sér forkaupsréttinn og gengu því inn í tilboð hæstbjóðanda í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðuna og hversu vel tókst til með sölufarlið. Heildar söluverðmæti 5,86% eignarhlutar Skútustaðahrepps í Jarðböðunum var 263,7 m.kr. en að frádregnum 22% fjármagnstekjuskatti og sölupóknun er hreinn söluhagnaður 195 m.kr.

Á fundi sveitarstjórnar 11. október 2017 var lagt til í minnisblaði að söluhagnaðinum yrði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

- Greiddar upp skuldir sveitarfélagsins.
 - Farið verði í nauðsynlegar gatnagerðaframkvæmdir og frekari viðhald á fasteignum sveitarfélagsins.
 - Undirbúningur hafinn fyrir uppbyggingu Þekkinga- og menningarseturs við Skjólbrekku
 - Undirbúningur verði hafinn á byggingu sundlaugar.
 - Hluti verði eyrnamerkur Umbótaáætlun sveitarfélagsins í fráveitumálum.
 - Um fjórðungur fari í varasjóð.
- Sveitarstjórn samþykkti tillöguna og vísaði verkefnunum til gerðar fjárhagsáætlunar.



Náttúrufegurðin í Mývatnssveit er stórbrotin. Myndin er tekin af toppi Vindbelgjarfjalls 1. maí s.l.

Endurskoðuð Umhverfisstefna – Opið umsagnarferli

Umhverfisnefnd lagði fram endurskoðaða Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps á fundi

sveitarstjórnar í morgun. Leiðarljósið er að Skútustaðahreppur verði til fyrirmyndar meðal íslenskra sveitarfélaga í umhverfismálum þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Með því verði sveitarfélagið eftirsótt til búsetu sem fjölskylduvænt svæði í heilnæmu umhverfi sem skartar náttúru sem nærir og eykur lífsgæði íbúa og gesta. Inntak umhverfisstefnunnar byggir á væntumþykju, virðingu og mati á þeim verðmætum sem einstök náttúra Skútustaðahrepps er. Áhersla er lögð á gott samstarf við íbúa, landeigendur, fyrirtæki og stofnanir til að greiða leiðina að settum markmiðum. Stefnunni fylgir tímasett aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum eins og kostur er og meiningin að hvort tveggja sé endurskoðað í upphafi hvers kjörtímabils. Hluti sveitarfélagsins fellur undir verndarlög um Mývatn og Laxá og er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt votlendi RAMSAR-sáttmálans. Sveitarstjórn samþykkti að endurskoðuð umhverfisstefna fari í opinbert umsagnarferli líkt og gert var við gerð skólastefnunnar í haust.

80 m.kr. framlag Vaðlaheiðarganga hf. vegna búnaðarkaupa til slökkviliðsins

Skútustaðahreppur rekur sameiginlegt slökkvilið með Þingeyjarsveit. Fram undan eru talsverðar breytingar á starfsemi slökkviliðsins í ljósi Vaðlaheiðarganga sem verða tekin í notkun síðar á þessu ári. Að undanfögnu hafa sveitarfélögin átt í viðræðum ásamt Slökkviliði Akureyrar við Vaðlaheiðargöng hf. um búnaðarkaup. Á fundi sveitarstjórnar var lagður fram samningur um framlag Vaðlaheiðarganga hf. til búnaðarkaupa. Þar skuldbinda Vaðlaheiðargöng hf. sig til að veita slökkviliðunum framlag að fjárhæð 80 m.kr. vegna Vaðlaheiðarganga. Sveitarstjórn staðfesti samninginn samhljóða.



Vel sóttur og fróðlegur íbúafundur um húsnæðismál

Í gær var haldinn afar áhugaverður íbúafundur um húsnæðismál í sveitarfélaginu. Eins og sjá má á myndinni var aðsóknin mjög góð sem endurspeglar kraftinn í samfélaginu og bjartsýni fyrir framtíðinni. Aðdragandi fundarins var að sveitarstjórn samþykkti húsnæðisáætlun í nóvember þar sem staðan var kortlögð. Í framhaldi af því hefur verið fundað með verktökum og áhugasömum aðilum. Ákveðið var að halda íbúafund með yfirskriftinni *Hefur þú áhuga á því að kaupa íbúðarhúsnæði?* Sveitarstjóri kynnti þar Húsnæðisáætlun Skútustaðahrepps, þrír verktakar/aðilar kynntu

hugmyndir um uppbyggingu í Klappahrauni og Sparisjóður Suður-Þingeyinga og Íslandsbanki kynntu möguleika á fjármögnun fyrir einstaklinga. Vonandi er þetta fyrsta skrefið í átt að frekari uppbyggingu í Klappahrauni. Nokkrir rekstraraðilar eru í startholunum að taka þátt í verkefninu og vonandi munu íbúar sjá hag sinn í því að vera með. Áhugasamir aðilar eru beðnir að senda upplýsingar á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is svo hægt sé að kortleggja eftirspurnina og taka ákvörðun um næstu skref.



Frá hreinsundardeginum í fyrra.

Hreinsunardagurinn 23. maí

Hin árlega ruslahreinsun verður miðvikudaginn 23. maí n.k. kl. 17:30 en hún er samstarfsverkefni Fjöreggs og sveitarfélagsins. Á hverjum stað er forsvarsaður félagsins/félaganna beðinn um að skipuleggja hreinsunina og ná í ruslapoka og hanska á skrifstofu hreppsins þann dag fyrir 17:00. Boðið verður uppá nokkrar stærðir af maíspokum og minni svarta ruslapoka. Við hvetjum einnig fólk til að koma með eigin vinnuhanska.

Gámavöllurinn á Grímstöðum verður opinn 18.00-19.30 svo hægt er að losna við ruslið. Fjöregg hvetur ykkur til að reyna að flokka eins mikið og mögulegt er. Gott er að losa ruslið úr

plastruslapokum og setja pokana í endurvinnslu.

Sjá nánar um skipulagið á heimasíðu hreppsins, Fjöreggs og í Húsöndinni. Við hvetjum Mývetninga til að taka þátt í þessu frábæra verkefni og þökkum Fjöreggi fyrir að fósra það.

Söfnun á brotajárni, bílhræjum og timbri 23. maí til 13. júní

Dagana 23. maí til 13. júní n.k. verður Mývetningum boðið upp á viðamikla söfnun á brotajárni, bílhræjum, þakjárn, timbri og fleira stórvægilegu, ykkur að kostnaðarlausu. Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng tekur að sér að fara á býli og víðar um sveitina til þess að hirða draslið. Athugið að hringja þarf í Sigurð með nokkurra daga fyrirvara í síma [892 0157](tel:8920157) svo hann geti skipulagt ferðirnar. Ábúendur í Mývatnssveit eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að fegra umhverfið okkar.

Aukin þjónusta í sorphirðu fyrir sumarhúsaeygendur

Fyrir skömmu var aukin sorphjónusta fyrir sumarhúsaeygendur í Birkilandi sem mælst hefur vel fyrir. Þar var settur læstur sorpgámur en sumarhúsaeygendur geta fengið lykil á hreppsskrifstofu.

Þá hefur verið ákveðið að setja sorpgám fyrir sumarhúsaeygendur, aðra en þá sem búa í Birkilandi, unnið er að því að finna hentuga staðsetningu sunnan vatns. Verður það læstur gámur og hægt að nálgast lykil á hreppsskrifstofu. Stefnt er að því að þetta verði klárt síðar í mánuðinum og verður það auglýst nánar þegar þar að kemur.



Samskonar sorplát og þessi verða notuð á helstu ferðamannastaðum í sumar.

Sorpflokkunartunnur settar á helstu ferðamannastaði

Í samræmi við fjárhagsáætlun verða flokkunarílát fyrir sorp á fimm stöðum, í tilraunaskyni í sumar, í samstarfi við Umhverfisstofnun og Landgræðsluna. Um er að ræða Skútustaði, Höfða, Dimmuborgir, við Mývatnsstofu og Grímsstaðaútsýnispall. Um þróunarverkefni er að ræða. Verða tvö flokkunarílát á hverjum stað. Vonandi mælist þetta vel fyrir.



Þekkingasetur opnar - Ópið skrifstofurými til leigu

Að undanförunu hefur verið unnið að lagfæringu á gamla leikskólahúsnæðinu að Hlíðavegi 6 og

verður það opnað formlega um miðjan maí. Um er að ræða þekkingasetur með opnu skrifstofurými sem er til leigu fyrir stofnanir, fyrirtæki og einyrkja. Jafnframt getur rýmið nýst fyrir háskólanemendur en aðgangur þeirra er ókeypis.

Áhugasamir er beðnir að senda tölvupóst á thorsteinn@skutustadahreppur.is eða hafa samband við skrifstofuna þar sem sveitarstjóri veitir nánari upplýsingar.

Malbikunarframkvæmdir í maí

Vakin er athygli á því að fyrri hluti malbikunararframkvæmda á vegum Skútustaðahrepps verða í maí. Þá verður nýjasta gatan, Klappahraun m.a. malbikuð sem og Hlíðavegur o.fl. Seinni part sumars verður farið í endurnýjun á göngustígum á Hlíðavegi, gangstétt sett í Birkihrauni, Sniðilsvegur malbikaður og víðar. Þá verður farið í fyrri áfanga að bættu aðgengi að Reykjahlíðarskóla síðla sumars og unnið í umferðaröryggismálum.

Hellarannsóknafélag Íslands: Verndun og varðveisla hraunhella

Á fundi sveitarstjórnar í morgun var lagt fram bréf frá Árna B. Stefánssyni formanni verndunarnefndar Hellarannsóknafélags Íslands dags. 19.4.2018. Annars vegar vegna ferðar alþjóðlegs rannsóknarhóps örverufræðinga í nokkra hella nærri Bræðrafelli. Hins vegar hvort áhugi sé fyrir því að gera samning við Hellarannsóknafélagið varðandi umsjón, eftirlit og ráðgjöf vegna hraunhella í lögsögu hreppsins. Samningurinn fæli í sér viljayfirlýsingu og væri án fjárhagslegra skuldbindinga af beggja hálfu. Sveitarstjórn fagnaði ferð rannsóknarhópsins í hella nærri Bræðrafelli. Sveitarstjórn bendir á að samkvæmt

náttúruverndarlögum frá 2013 njóta hraunhellar nú þegar sérstakrar verndar. Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í viðræður við Hellarannsóknafélag Íslands um að það verði til ráðgjafar vegna hraunhella í lögsögu hreppsins.

Aukafundur í sveitarstjórn í næstu viku

Á fundi sveitarstjórnar í morgun lagði oddviti fram tillögu þess efnis að halda aukafund í sveitarstjórn miðvikudaginn 16. maí n.k. Á dagskrá fundarins verður fyrri umræða um ársreikning Skútustaðahrepps 2017. Seinni umræða um ársreikninginn verður á dagskrá 23. maí n.k. Tillagan var samþykkt samhljóða.



Emil og Jónas Pétur stóðu í ströngu ásamt Lárusi verkstjóra.

Stofnlögnin við Hlíðaveg endurnýjuð

Stofnlögn hitaveitunnar við Hlíðaveg hefur verið endurnýjuð að fullu en unnið hefur verið að því frá því í fyrra. Í síðustu viku voru síðustu göturnar í Reykjahlíð tengdar inn á stofnlögnina. Starfsmenn okkar í áhaldahúsinu stóðu vaktina fram á nótt og stóðu sig með mikilli þryði. Unnið verður að frágangi við Hlíðaveg á næstunni.

HRÓS DAGSINS...

Fá þeir sem stóðu að, komu fram og mættu á íbúafundinn um húsnæðismál í gærkvöldi.



Lausn fráveitumála í Mývatnssveit vekur athygli

Í síðustu viku var vofundur Samtaka tæknimanna sveitarfélaga (SATS) haldinn á Húsavík. Undirritaður ásamt Reyni Sævarssyni hjá Eflu fluttu erindi um fráveitumálin í Mývatnssveit en sú lausn sem samkomulag náðist um hefur vakið athygli um land allt.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna m.a. aðalfund Jarðbaðanna, vofundur SATS, með fráveituhópi, stjórnarfund í Samtökum orkusveitarfélaga, símafundur var með vinabæ okkar Sör Fron í Noregi, íbúafundur um húsnæðismál og margt fleira. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 16. maí n.k.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri